

## 8. gr.

Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljótist af óþægindi eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

Óheimilt er að valda ónæði á loðdýrabúum. Tjón eða skemmdir, sem verða af þeim sökum, varða sektum og bótaskyldu.

Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúi, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkst af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

## 9. gr.

Nú sleppa loðdýr úr vörslu, og skal þá sá, er vörsluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðistjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, ef það er vanrækt.

## 10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi, vanrækslu eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa réttindamissi til að reka loðdýrabú.

## 11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 68/1969, um loðdýrarækt.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Pálmi Jónsson.*

**L Ö G**

**um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Tilgangur þessara laga er að mynda sjóð, sem hafi það hlutverk að veita kaupstöðum og kauptúnum lán til kaupa á landi innan marka hlutaðeigandi sveitarfélags, enda telji sveitarstjórn nauðsyn á að eignast landið vegna almennra þarfa og ráðuneytið fallist á það sjónarmið.

Einnig er heimilt að veita í sérstökum tilfellum lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar, þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar.

## 2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar svo og lántökur sjóðsins skv. 7. gr.

## 3. gr.

Einstök lán mega nema allt að 60% af kaupverði lands. Rétt er að synja um lánveitingu, ef ráðuneytið telur kaupverð lands óhæfilega hátt.

Kjör á útlánnum skulu vera í samræmi við útlánskjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma og kjör á lánnum, sem sjóðurinn tekur vegna starfsemi sinnar.

## 4. gr.

Til tryggingar lánnum skulu vera veð í hinu keypta landi svo og framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. lög nr. 73/1980. Eigi má selja land, sem keypt hefur verið skv. lögum þessum, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

## 5. gr.

Auk lánveitinga skv. 2. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán vegna kaupa á landi, þannig að samanlögð lánveiting og ábyrgð nemi allt að 90% af kaupverði lands.

## 6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

- a) Fé það, sem við gildistöku laga þessara er í sjóði skv. lögum nr. 41/1963 með síðari breytingum, svo og vextir og afborganir af því fé.
- b) Lán, sem sjóðurinn tekur skv. 2. gr. og 7. gr.
- c) Afborganir og vextir af veittum lánnum.

## 7. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán vegna sjóðsins svo að hann geti gegnt hlutverki sínu skv. 1. gr.

## 8. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast bókhald og fjárreiður sjóðsins. Heimilt er þó ráðuneytinu að semja við lánastofnun um að annast afgreiðslustörf fyrir sjóðinn, svo og bókhald og fjárreiður gegn ákveðinni þóknun.

## 9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal senda eintak af ársreikningum sjóðsins til ríkisbókhalds.

## 10. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem sveitarfélög kaupa, einnig þótt þau njóti ekki aðstoðar skv. lögum þessum. Sama gildir um önnur lánskjöf, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

## 11. gr.

Nú samþykkir félagsmálaráðuneytið að veita sveitarfélagi aðstoð skv. lögum þessum, en eigandi lands vill ekki selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi skv. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa og lög um breytingar á þeim lögum nr. 74/1963, 43/1972, 35/1973 og 50/1974.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*